

Hestamannafélagið Funi, Eyjafirði



Skýrsla Barna- og unglingaráðs 2012



Barna- og unglingaráð Funa hóf starfsemina á árinu með því að auglýsa reiðnámskeið á Melgerðismelum í apríl. Í samstarfi við hestaleiguna Kát var mögulegt að útvega hestlausum en áhugasömum krökkum hesta til að komast á námskeiðið og var þátttakan góð, 14 krakkar frá 5 til 15 ára mættu til leiks.



Yngsti hópurinn, óvanir




Miðhópurinn, óvanir/lítið vanir



Elsti og vanasti hópurinn

Í kjölfarið tóku 15 krakkar á vegum félagsins þátt í sýningunni Æskan og hesturinn 2012 á Norðurlandi. Að þessu sinni var sýningin í Top Reiter höllinni á Akureyri 5 maí sl. Fjölmargin krakkar af öllu Norðurlandi tóku þátt og atriðin voru fjölbreytt og skemmtileg. Okkar krakkar voru með atriði sem við kölluðum "Villta vestrið" og voru ýmist kúrekar eða indíánar sem tóku mynsturreið og stukku yfir bagga svo eitthvað sé nefnt. Skemmtileg og eftirminnileg stund. Anna Sonja Ágústsdóttir sá um undirbúninginn og var að sjálfsögðu ein úr hópnum, uppáklædd sem kúreki eins og meðfylgjandi mynd sýnir.



Systkinin frá Kálfagerði mætt til leiks í "Villta vestrið."



Einbeittir indíánar og kúrekar, allt á fullu !



Hópnunum af námskeiðinu og úr sýningunni var síðan hóað saman 18. maí á matarkvöld. Maulandi pizzur horfðum við á myndir frá viðburðunum og þátttakendur reiðnámskeiðsins fengu viðurkenningarskjöl með mynd af sér og hestinum sem viðkomandi var á námskeiðinu.

Auk þess var haldinn svölítill fræðslufyrirlestur um hestinn; af hverju lítur hann svona út í dag og hvernig þróunin hefur mótað útlit hans til dagsins í dag.



Í júní var boðið upp á æfingu barna og unglunga vegna úrtöku fyrir Landsmót. Fyrirvarinn var stuttur og þátttakan ekki mikil en nokkrir krakkar mættu í úrtökuna og stóðu sig með ágætum.

Fyrri hluta júlímánaðar var ákveðið á námskeið þar sem við útveguðum mjög vel fyrir en tímasetninguna endurskoða vegna heyskaparanna



að bjóða algjörum byrjendum upp hesta og reiðtygi. Það mæltist þyrftum við kannski að og sumarfría !



Stóri viðburður nefndarinnar þetta árið var án efa Æskulýðsdagarnir 20. – 22. júlí, æskulýðsmót Norðurlands sem hefur verið haldið nokkur ár á þessum árstíma á Melgerðismelnum. Öll helgin er undir þar sem fjörið hefst á föstudagskvöldinu með ratleik, áframhaldandi fjöri á laugardeginum með þrautabraut, reiðtúr, grillveislu, varðeldi og söng og loks enda herlegheitin á keppni á sunnudeginum. Veðurspáin var ekki hagstæð en við sluppum alveg ótrúlega vel og lentum bara í svolítilli úrkomu á sunnudeginum þegar síðasta keppnin fór fram. Boðið var upp á gistingu í Funaborg og nýttu nokkrir krakkar sér það og voru alla helgina á Melgerðismelunum í góðum gír.

Þátttakendum var skipt upp í lið á föstudagskvöldinu þar sem liðin voru ræst af stað með mismunandi millibili til að fara í gegnum ratleikinn og leysa hinar ýmsu þrautir, s.s. að finna ákveðinn ávöxt á trjám (sem eru nokkur á Melgerðismelum!), finna allar stöðvar og svara spurningum um gangtegundir, hestaliti og svæðið sjálft. Þá þurfti að flétta fax og negla nagla í spýtu svo fátt eitt sé nefnt.




Það leyndist ýmislegt í runnum, m.a. gangtegundaþrautin....



Sigurliðið í ratleiknum – ávöxturinn fundinn og hálfétinn!!!

Laugardagurinn hófst með þrautabraut þar sem hver og einn knapi fór með sinn hest gegnum braut á tímatöku. Fara þurfti um aðþrengt, afmarkað svæði, taka kútskaft úr

tunnu og láta í aðra, flytja múl milli staura og stökkva yfir heybagga. Hópnum var skipt upp í eldri og yngri, allir prófuðu tvisvar og fengu þrír efstu krakkarnir verðlaun í hvorum flokki. Það var gaman að fylgjast með mikilli einbeitingu við úrlausn þrautanna í kappi við tímann og gat verið mikill munur á ferðum.



Prikið ÁTTI að fara ofan í tunnuna Múlnum skilað á staurinn Stokkið yfir bagga af mikilli einbeitingu

Eftir hádegið var farið í reiðtúr upp að gömlu Borgarréttinni þar sem nesti var í boði og síðan riðið aftur á Melana um Saurbæ. Um kvöldið var grillveisla og varðeldur auk verðlaunaafhendinga fyrir þær þrautir sem búnar voru.



Alltaf gott að fá sér nesti!

Kókómjólk, namm !!!

Skemtilegt umhverfi Borgarréttar

Æskulýðsdögunum lauk með öðruvísi keppni þar sem krökkunum var skipt upp í þriggja manna lið og fór liðið saman inn á völlinn. Liðið þurfti síðan að skipta með sér verkum þar sem sýna þurfti fet, tölt, brokk og stökk ásamt því að teyma hestinn sér við hlið og fara á og af baki frá báðum hliðum. Hver og einn úr liðinu þurfti að taka að sér tvö verk og reyndi nú á liðsheildina og að vinna úr því sem í boði var. Krakkarnir leystu þetta með ágætum en dómaraar gáfu fyrir hverja og eina þraut og samanlagður stigafjöldi liðsins réði úrslitum. Í lokin voru allir kallaðir inn þar sem stigahæsta liðið fékk verðlaun auk þess sem krakkarnir fengu fyrir þátttökuna nammi fyrir sig (popp) og nammi fyrir hestinn sinn (nammiköggla).





Sigurlíðið í sunnudagskeppninni.



Barna-og unglingaráð með krakkahópnum góða !



Sumrinu lauk nefndin með því að bjóða upp á reiðnámskeið fyrir vana krakka í ágúst enda árlega Bæjarkeppni félagsins þá framundan. Sextán krakkar mættu með sinn hest og hnakk og tóku svo öll þátt í Bæjarkeppninni 26. ágúst. Stóðu þau sig öll með mikilli þrýði. Auk nokkuð hefðbundinnar barna- og unglingskeppni á þeim degi var jafnframt prófað að hafa fetkeppni fyrir börn og unglunga. Tveir riðu í einu um 100 metra kafla á tímatöku og mátti hesturinn bara feta en sá sem náði besta tímanum á brautinni vann. Öðruvísi keppni en samt þarf að halda einbeitingunni allan tímann, bara svólítið gaman að sjá þetta !

Utan þess sem upp er talið tóku krakkar í Funa að sér að taka þátt í hestasýningu á Handverks- og landbúnaðarsýningu á Hrafnagili 10. og 13. ágúst sl. Það var hluti af stærri sýningu en krakkarnir sýndu brot úr atriði sínu frá Æskan og hesturinn. Þá voru unglingar í fylgd með fullorðnum að teyma undir börnum á sömu sýningu, alla fjóra dagana. Auk þess tóku elstu unglingarnir að sér að teyma undir börnum á sumardegnum fyrsta þar sem árleg sumarhátíð félagsins fer fram á Melgerðismelum (kaffihlaðborð, véla- og dýrasýningar o.fl.). Loks er ánægjulegt að segja frá því að frá því í haust er í fyrsta sinn boðið upp á hestamennsku sem valfag unglunga í 9. og 10. bekk í Hrafnagilsskóla í góðu samstarfi við Funa en stjórn félagsins hefur komið þar að.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs Funa
Sigríður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglingaráð Funa er þannig skipað 2012-2013:



Sigríður Bjarnadóttir, Hólsgerði, formaður
Anna Sonja Ágústsdóttir, Kálfagerði
Auðbjörn Kristinsson, Hólakoti
Einar Gíslason, Brúnum
Þorsteinn Egilson, Grund 2